

**Nr. 18-016 S 012 Þórunn Sveinsdóttir VE 401*****Skipverji slasast á fæti***

*Skipaskr.nr.*: 2401 *IMO nr.*: 9463360  
*Útgerð*: Ós ehf.  
*Smíðaður*: Danmörku 2010, stál  
*Stærð*: 778,9 bt.  
*Mesta lengd*: 40,06 m *Skráð lengd*: 35,77 m  
*Breidd*: 11,2 m *Dýpt*: 7,09 m  
*Vél*: M A K 540 kW 2009  
*Fjöldi skipverja*: 15



Þórunn Sveinsdóttir © Jón Páll Ásgeirsson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 3. desember 2018 var Þórunn Sveinsdóttir VE 401 á togveiðum á Síðugrunni. Veður: NA 3 - 6 m/sek.

Skipverji sem var að fjarlægja bobbing af grjótgrind í móttökunni hrasaði og féll á milli röra í grindinni og við það slasaðist hann á mjöðm.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var við vinnu ofan í annarri móttökunni og nýkominn upp úr henni en áttaði sig ekki á að búið var að opna hina móttökuna við hliðina þegar hann steig til hliðar og féll ofan í hana;
- að hann átti erfitt með gang og var frá vinnu í um viku tíma.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.